

S. d. var dr. Kjartan Gíslason skipaður dósent í þýsku í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1979 að telja.

20. nóv. voru Kristjana Jónsdóttir, lögfræðingur, og Þorgeir Örlygsson, lögfræðingur, skipuð fulltrúar við borgardómaraembættið í Reykjavík frá 1. desember 1979 að telja.

21. nóv. var Sigríður Ólafsdóttir, lögfræðingur, skipuð til þess að vera aðalfulltrúi við borgardómaraembættið í Reykjavík frá 1. desember 1979 að telja.

22. nóv. var Kristni Bjarna Jóhannssyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum og brjóstholsskurðlækningum hér á landi.

28. nóv. var Sigmundi Stefánssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málf lutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Guðmundi Kristjánssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málf lutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Pétur Kr. Hafstein, lögfræðingi, veitt leyfi til málf lutnings fyrir héraðsdómi.

11. des. voru sendiráðunautarnir Helgi Ágústsson, Ólafur Egilsson og Sverrir Haukur Gunnlaugsson skipaðir sendifulltrúar í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. janúar 1980 að telja.

S. d. var Andreas Howaldt skipaður kjöræðismaður Íslands í Vestur-Berlín.

12. des. var Pétur Guðmundarsyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málf lutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Þorsteini Blöndal, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lungnalækningum hér á landi.

31. des. var Valtýr Sigurðsson, aðalfulltrúi, skipaður til að vera héraðsdómari við bæjarfógetaembættið í Keflavík, Grindavík og Njarðvík og sýslumannsembættið í Gullbringusýslu frá 1. janúar 1980 að telja.

Nr. 546.

SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

Sendiherrar:

24. febrúar afhenti Stana Dragoi forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Rúmeníu á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn. Um leið lét hr. George Ploesteanu af störfum sem sendiherra Rúmeníu á Íslandi.

6. mars var Dhimiter Lamani veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Albaníu á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

6. júní var Franco Ferretti veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Ítalíu á Íslandi með aðsetri í Osló.

13. júní afhenti Abdul Jabbar Al-Haddawi forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íraks á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi. Um leið lét hr. Hassan Mustafa Al-Nakib af störfum sem sendiherra Íraks á Íslandi.

S. d. afhenti Joel Wanyoike forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kenya á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi. Sama dag lét hr. Leo Pius Odero af störfum sem sendiherra Kenya á Íslandi.

13. júlí var E. P. Lagacos veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Grikklands á Íslandi með aðsetri í London.

19. júlí afhenti Pierre Nussbaumer forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sviss á Íslandi með aðsetri í Osló. Fyrirrennari hans hr. Hans-Conrad Cramer lést 5. apríl 1979.

S. d. afhenti Corsino Fortes forseta Íslands trúnaðarbréf sem fyrsti sendiherra Cape Verde á Íslandi. Sendiherrann hefur aðsetur í Lissabon.,

S. d. afhenti Dzon Siroka forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Júgóslavíu með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Gojko Zarkovic af störfum sem sendiherra Júgóslavíu á Íslandi.

27. júlí var Ahmad Fouad Housny veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Egyptalands á Íslandi með aðsetri í Osló.

1. ágúst var F.E. Boaten veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Ghana á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn.

2. ágúst afhenti Mikhail Nikolaevich Streltsov forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi. Um leið lét hr. Gueorgui Nikolaevich Farafonov af störfum sem sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi.

10. september afhenti Henrik Wendrowski forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Póllands á Íslandi. Um leið lét hr. Jerzy Roszak af störfum sem sendiherra Póllands á Íslandi.

21. september var Abbas Amir Entezam veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Írans á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

S. d. var Ojuny Kosbajar veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Mongólíu á Íslandi með aðsetri í London.

27. september var Juan Carlos Roland Vignaud veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Argentínu á Íslandi með aðsetri í Osló.

15. nóvember afhenti Tasos Chr. Panayides forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Kýpur á Íslandi. Sendiherrann hefur aðsetur í Lundúnum.

27. nóvember afhenti Brahim Turki forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Túnís á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi. Um leið lét hr. Abdelmajid Chaker af störfum sem sendiherra Túnís á Íslandi.

S. d. afhenti Nguyen Dinh Thanh forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Viet Nam á Íslandi. Sendiherrann hefur aðsetur í Osló.

Ræðismenn:

25. ágúst var Guðmundi Sigfússyni veitt lausn frá störfum fyrir aldurs sakir sem umboðskjöræðismanni Frakklands í Neskaupstað.

5. september var Hans K. Árnasyni veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Hollands með vararæðisstigi í Reykjavík.

4. október var Paul Solomon veitt viðurkenning sem vararæðismanni Bandaríkja Ameríku í Reykjavík.

8. október var James E. Thyden veitt viðurkenning sem ræðismanni Bandaríkja Ameríku í Reykjavík.

S. d. var Francis P.G. Hearne veitt viðurkenning sem ræðismanni Bandaríkja Ameríku í Reykjavík.

8. nóvember var Anthony S. Kochanek Jr. veitt viðurkenning sem ræðismanni Bandaríkja Ameríku í Reykjavík.

Nr. 547.

SKRÁ

um ný hlutafélög samkvæmt Lögbirtingablaði 1979.

	Tbl. nr.
Áfangi hf., Húnavatnssýslu	9
Afl hf., N-Múlasýslu	66
Agfamyndir hf., Reykjavík	78
Akarn hf., Hafnarfirði	9